



Kópavogi, 22. nóvember 2023
23111497/202.00 RH

Efni: Tillaga að þróun Traðar

Tröð er yfirheiti yfir einstaklingsbundin úrræði í Kópavogi fyrir nemendur sem þarfnast stuðnings vegna náms-, hegðunar- og/eða tilfinningavanda. Á vegum Traðar eru fjögur úrræði: skammtímaskólaúrræði, kennsluráðgjöf vegna einstakra nemenda, atferlisráðgjöf og námskeið fyrir nemendur til að styrkja sjálfsmynd þeirra.

Tröð skammtímaskólaúrræði er ætlað nemendum sem þurfa tímabundna breytingu á skólagöngu og stuðning í námi og leik. Nemendur dvelja í skólaúrræðinu í 4 til 6 vikur að jafnaði og þar eru 3 til 4 nemendur á hverjum tíma. Úrræðið hefur verið lokað síðan 2022 vegna húsnæðisskorts í kjölfar þess að mygla greindist í húsnæðinu.

Kennsluráðgjafi og atferlisráðgjafi vinna í samstarfi við heimaskóla og skammtíma skólaúrræði, að bættri líðan nemenda og námi við hæfi. Þeir fylgja eftir ákveðnum nemendum sem dvalið hafa í skólaúrræðinu í sína heimaskóla. Eftir að skólaúrræðið lokaði hafa kennslu- og atferlisráðgjafar starfað alfarið á vettvangi og veitt þjónustu í skólunum.

Sjálfstyrkingarnámskeiðið er forvarnarverkefni sem er ætlað að styrkja nemendur og fer fram innan skólanna.

Í dag starfa í úrræðinu kennsluráðgjafi, atferlisfræðingur og fjölskylduráðgjafi. Svigrúm er til að ráða tvo sérfræðinga til viðbótar í samræmi við fjárheimildir þar sem stöðurnar eru lausar. Mikið ákall er um bættu þjónustu og biðlistar eftir atferlisráðgjöf eru langir og komnir fram yfir gæðamarkmið sviðsins.

Í ljósi nýrrar menntastefnu Kópavogs¹, menntastefnu stjórnvalda² og lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna³ þar sem lögð er áhersla á heildstæða nálgun og þverfaglega

¹ Í nýrri menntastefnu Kópavogs er lögð áhersla á heildstæða nálgun í námi barna með samfelldu og virku samstarfi allra sem sinna menntun í bæjarfélaginu og þjónustu við börn og fjölskyldur. Í samræmi við menntastefnuna ætti skipulag skólaþjónustu að vera með þeim hætti að unnt verði að bregðast við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með viðeigandi og samþættum stuðningi þegar þörf er á.

² Í menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030 segir að stuðningur eigi að beinast að nemandanum sjálfum eða umhverfi hans og nauðsynlegt sé að hafa þverfaglega samvinnu við þann stuðning. Í menntastefnunni er lögð rík áhersla á samstarf og samþættingu innan og á milli kerfa og rætt að heildstæð skólaþjónusta byggji á samábyrgð, stigskiptum stuðningi í námi og að stuðningur við foreldra og starfsfólk skóla þurfi að vera í forgrunni. Stoðþjónusta þurfi í ríkari mæli að vera inn í skólanum sjálfum, sérfræðingar að vera sýnilegri og vinna í meira mæli með nemendum þar. Þá þarf aðgengi kennara að þeim að vera meira og betra en hingað til. Einnig að auka þurfi kennslufræðilegan stuðning við kennara til að mæta nemendum sem víkja frá og veita þeim handleiðslu í starfi á vettvangi.

³ Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna benda á að grunnþjónusta skuli vera aðgengileg öllum börnum og foreldrum þeirra. Með því er átt við að veittur sé einstaklingsbundinn og tímanlegur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barnsins. Almennt er það svo að fyrsta stigs þjónusta er unnin í nærumhverfi barnsins; heimaskóla þess.



Samvinna er lagt til að skóla- og skammtímaúrræðið verði lagt niður í þeirri mynd sem það var. Þannig má styðja betur en áður við faglegt starf inni í grunnskólum Kópavogs. Með því að allt starfsfólk Traðar vinni innan skólanna er hægt í auknum mæli að veita starfsfólki grunnskólanna ráðgjöf og handleiðslu á vettvangi. Þá hefur það sýnt sig að þegar skólaúrræðinu var lokað og starfsfólk fór að vinna í skólunum fengu fleiri nemendur þjónustu kennsluráðgjafa og/eða atferlisráðgjafa en áður, sjá töflu hér að neðan:

	2019-2020 fjöldi nem.	2022 – 2023 fjöldi nem.
Skólaúrræði	14	lokað
Kennsluráðgjöf	17	33
Atferlisráðgjöf	15	32

Tillagan að þróun Traðar felur í sér að skilgreint verði tveggja ára þróunarverkefni með það að markmiði að vinna út frá heildarsýn á aðstæður nemenda. Áhersla verður áfram á vönduð og fagleg vinnubrögð og einstaklingsbundna nálgun við nemendur sem og nemendahópa í daglegum aðstæðum. Þjónustan tekur mið af gagnreyndri þekkingu og fer fram með þátttöku og í samráði við starfsfólk grunnskóla, nemendur og forsjáraðila þeirra í nærumhverfi barnsins.

Með nýrri skipan á þjónustu Traðar gefst tækifæri til að mynda þverfaglegt ráðgjafateymi sérfræðinga. Teymið vinnur út frá hugmyndafræði laga um samþætta þjónustu og tekur mið af námi, virkni og líðan nemenda bæði í skóla og utan hans. Áhersla yrði á að vinna í nærumhverfi nemenda og styðja við og efla faglegt starf bæði hvað varðar einstaka nemendur sem og fjölbreytta nemendahópa.

Sá nemendahópur sem ráðgjafateymi mun þjónusta er sá sami og annars hefði nýtt skammtímaúrræði Traðar og að auki hópur nemenda sem sannarlega þarf á auknum stuðningi að halda en hefði ekki fallið undir skilgreiningar á þjónustu Traðar. Jafnframt verður með breytingunni mjög aukinn stuðningur við skóla vegna móttöku barna með fjölbreyttan tungumálabakgrunn.

Skólar geta sótt um aðkomu ráðgjafateymis í samráði við forsjáraðila þegar um einstaka nemendur er að ræða. Teymið fer yfir umsóknina og í samvinnu við skóla og forsjáraðila er stuðningsferlið skipulagt. Ráðgjöf til skóla og forsjáraðila verður í formi stuðnings- og úrbótaáætlunar sem og aðstoð við innleiðslu umbóta og handleiðslu í kjölfarið. Markmiðið er ávallt að vinnan fari fram í nærumhverfi barnsins og að sérsniðin einstaklingsmiðuð þjónusta verði fyrir hvert mál. Fulltrúi ráðgjafateymis situr í stuðningsteymi nemanda svo lengi sem þörf er á.

Skólar gætu jafnframt sótt um aðkomu ráðgjafa að móttöku barna með fjölbreyttan tungumálabakgrunn sem eru að flytjast til landsins, ráðgjafi færi út í skólana og aðstoðaði við aðlögun barnanna, fræðslu til starfsfólks, stöðumat og fl. Auk þess yrði hann hluti af teymi sem sér um *Velkomin verkefnið* sem stuðlar að inngildingu nemenda inn í íslenskt samfélag.

Í Molanum, miðstöð ungs fólks, er boðið upp á ráðgjöf og stuðning en í Molanum er starfandi ráðgjafi ungmenna sem hefur það hlutverk að aðstoða ungmenni sem á þurfa að halda og veita þeim þjónustu sem er í samræmi við þarfir þeirra. Ráðgjafi skipuleggur og stýrir ráðgjöf



og stuðning við hópa ungmenna eða einstaklinga. Ráðgjafi ungmenna hefur einnig það hlutverk að styðja við og styrkja nemendur á elsta stigi grunnskóla sem glíma við skólaforðun í samvinnu við ráðgjafa á velferðarsviði og skólaþjónustu grunnskóladeildar. Horft yrði til þess að ráðgjafi ungmenna verði hluti af ráðgjafateymi Traðar eins og þörf er á.

Rökstuðningur við tillögu:

Með því að færa þjónustuna inn í skólaumhverfi nemandans er vandinn greindur þar sem hann kemur fram og úrræði/íhlutun sett inn á þeim vettvangi. Í nánu samstarfi við starfsfólk skóla er virkjað markvisst og faglegt ferli sem kemur betur til móts við þarfir nemanda í daglegu umhverfi hans en áður. Ráðgjöfin nýtist starfsfólki skóla sem stuðningur, handleiðsla og valdefling til að mæta samskonar verkefnum í framtíðinni. Samráð og samstarf við skóla verður markvissara og árangursríkara og viðeigandi kennsluaðferðir og leiðir ígrundaðar í samstarfi þeirra fagaðila sem vinna með barninu hverju sinni. Benda má á að í reglugerð um skólaþjónustu nr. 584 frá 2019 segir:

Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Þá segir enn fremur:

Fræðslufirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu. Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana [...] og að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda [...].

Í skýrslu um niðurstöður Pisa 2022 frá því í desember 2023 eru settar fram tillögur að úrbótum á skólastarfi. Þar er m.a. fjallað um markvissa starfsþróun kennara og stuðning við þá til að rýna eigið starf og styðja þá við að finna leiðir til að efla námsáhuga og virka þátttöku allra nemenda. Í skýrslunni segir að kjarni skólastarfs fari fram í samskiptum kennara og nemenda og því þurfi kennsluhættir, stoðþjónusta og önnur starfsemi að miða að því að styrkja það starf. Mikilvægast er að samvirkni, fagmennska, þekking og gæði einkenni starfið á öllum stigum.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar